



SAGA2YA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2021

Kennari: Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: LB og TDT

Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá upplýsingum fram til dagsins í dag. Aðaláhersla verður á Evrópu og Íslandssögu þótt vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Í Íslandssögunni verður lögð áhersla á breytingar frá bændasamfélagi til nútímans, frá sjálfsþurft til iðnvæðingar. Einnig verður litið til til áhrifa erlendra atburða, viðhorfa og skoðana hér á landi. Áfanginn er án lokaprófs.

Kennsluefni

Íslands- og mannkynssaga 2, Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir, Iðnú: <https://www.idnu.is/vara/vefbok-islands-og-mannkynssaga-2/>

Yfirferð

1.-7. Vika 19. öldin. Napoleon og áhrif hans. Frá Vínarfundi til Þjóðfundar. Upphaf íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Iðnbylting og áhrif hennar á evrópskt samfélag.

8.-15. Vika 20. öldin. Íslensk iðnbylting og nývæðing Íslands. Heimskreppa, Heimsstyrjaldir. Kalda stríðið.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum í sögu Íslands og heimsins á 19. og 20. öld
- orsökum og afleiðingum þeirra atburða sem einkenna þetta tímabil og hafa mótað samfélagið eins og við þekkjum það í dag
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á ítarlegri heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa fræðilega texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum.
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun.
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt.
- færa rök fyrir niðurstöðum.
- gera sér grein fyrir orsakir og afleiðingar.
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði Íslandssögunnar við okkar tíma.
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli.

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Nemendur fæddir 2001 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama getur gilt um fólk með opin vottorð.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og leiðréttingar	20%
Verkefni	Tímaverkefni, skilaverkefni	30%
Próf	Skrifleg og munnleg próf	30%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	10%
Flipp	Fjölbreytt verkefni og námsmat	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 3. janúar 2021. Lárus Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson